

Árin eftir Stykkishólm

Haustið 1975 fluttu þau hjónin til Reykjavíkur og tók Dagbjartur fljótlega á leigu húsnæði á Ártúnshöfða. Þar smíðaði hann innréttingar í hús ásamt því að hanna og smíða tvær gerðir af ruggustólum og nokkrar gerðir af litlum borðum.

Árið 1983 flutti fjölskyldan á Höfn í Hornafirði og þar vann Dagbjartur sem smíðakennari við gagnfræðaskólann og hannaði hann til dæmis húsgögn í setustofu nemenda þar.

Árið 1984 flutti fjölskyldan á Long Island í New York fylki í Bandaríkjunum þar sem Dagbjartur vann fyrstu árin hjá innréttingafyrirtæki. Síðar flutti fjölskyldan til Gardner sem er úrhverfi í Boston. Þar héldu þau hjónin áfram að hanna og smíða húsgögn og innréttingar. Á þessum árum sem og áður skapaði hann mörg listaverk, málverk og höggmyndir. Einnig tók hann þátt í samsýningum listamanna í Gardner og fékk ýmsar viðurkenningar.

Árið 2006 var fyrirtækið í Gardner selt og hjónin fluttu til Somerville, þar sem þau búa í dag.



Börn Hrafnhildar og Dagbjarts eru fimm, Eggert Þór, Magðalena Elsa, Margrét Rósa, Sonja og Kristófer Davíð. Áður var Dagbjartur kvæntur Auði Agnesi Sigurðardóttur og áttu þau þrjú börn, Sigurð Vilberg, Stíg Lúðvík og Sigrúnu Birnu.

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla vill þakka Elínu Hjördísi Haraldsdóttur Bodin, Sigríði Hönnu Jóhannesdóttur, Baldri Þór Dagbjartson, viðmælendum, húsgagnaeigendum, starfsmönnum Stykkishólmsbæjar, Dagbjarti Stígssyni og Hrafnhildi Ágústsdóttur sem og afkomendum þeirra.




ATON 1968-1975

-húsgagnasmíðja í Stykkishólmi



Sýning í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla
∞ 2016 ∞



Hjónin Dagbjartur Stígsson og Hrafnhildur Ágústsdóttir stofnuðu húsgagnasmiðjuna ATON í Stykkishólmi árið 1968 og starfræktu fyrirtækið í bænum til ársins 1975. Nafnið er komið frá Forn - Eygyptum en Aton var sólarguð þeirra. Dagbjartur og Hrafnhildur höfðu flutt til Stykkishólms ásamt tveimur börnum sínum árið 1965, hann starfaði í Trésmiðjunni Ösp en hannaði húsgögn samhliða vinnu sinni þar, þar voru meðal annars gerð sófasett eftir hönnun hans.

Upphaf ATON má rekja til þess þegar að Dagbjartur hóf framleiðslu á húsgögnum ásamt Hrafnkeli Alexanderssyni í kjallaranum hjá mágkonu sinni og svila, Þóru Ágústsdóttur og Jóhannesi Kristjánssyni, að Laufásvegi 16 í Stykkishólmi. Fljótlega bættist Ásgeir Gunnar Jónsson í starfsmannahópinn og verkefnum ATON fjölgaði.

Árið 1968 keypti ATON húsnæðið af Trésmiðjunni Ösp sem staðsett var á Þvervegi, þegar hún var flutt á Nesveg.



Fljótlega þurfti fyrirtækið að stækka við sig vegna húsgagna-bólstrunarinnar, þá var tekið á leigu félagsheimili slökkviliðsins - Flotheimar. Síðar var byggt við húsnæði ATON, Dagbjartur hannaði viðbygginguna og starfsmenn fyrirtækisins sáu að mestu um smíði hennar. Þegar mest var unnu tuttugu manns hjá ATON og var það einn helsti atvinnuveitandi Stykkishólms á þessum tíma.

Fyrsta framleiðsla ATON voru skrifstofustólar fyrir Húsgagna-höllina. Í kjölfarið hófu þeir framleiðslu á ruggustól sem kallaður var Ábóti, sem varð þeirra þekktasta framleiðsla. Hönnun stólanna byggði á ruggustól sem Hrafnhildur hafði erfð eftir ömmu sína. Ruggustólarnir voru handrenndir en einungis þrjátíu stólar voru framleiddir fyrst um sinn. Síðar áttu ruggustólarnir eftir að verða helsta vörumerki ATON.

ATON og Trésmiðjan Ösp störfuðu saman að stórum verkefnum í kringum árið 1969. Fyrirtækin framleiddu stóla, borð og hillur fyrir Húsgagnahöllina, Kaffiteríuna á Hótel Loftleiðum og Bautann á Akureyri. ATON sá um rennsli á fótum og pílórum, Ösp vann seturnar, stólbök og borðplötur. Björgvin Þorvarðarson sá um þetta samstarfsverkefni fyrir hönd Aspar.

ATON framleiddi einnig sófasett, sófaborð og hornhillur. Sum sófaborðanna voru með koparplötum og önnur voru með yfirborði þar sem trjábútar voru sagaðir niður þvert og á milli þeirra sett íslenskt hraun. Vegghúsgögn voru einnig framleidd sem og skrifborð, barnastólar og skatthol.

Fyrirtækið lagði áherslu á að framleiða úr íslensku hráefni og var ruggustólinn gerður úr íslensku birki fengnu úr Hallormsstaðaskógi. Einnig var fyrirtækið í samvinnu við Skógaræktarfélag ríkisins um nýtingu á birki og lerki. Vefnaðarvörurnar voru flestar frá Álafossi og selskinnin voru keypt af eyjabændum úr Breiðafirði.

Í húsi Jóns Loftssonar hf. við Hringbraut í Reykjavík var opnuð sérstök deild með húsgögnum frá ATON, aðra verðslanir sem seldu húsgögnin voru meðal annars Híbýlaprýði og Dúna, auk þess var dreift til húsgagnaverslana á Akureyri og Ísafirði.

